

### **130. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 27. Febrúar 2013 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Halla Steinólfsdóttir formaður, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Trausti Baldursson, Arnheiður Jónsdóttir og Ásgeir Gunnar Jónsson varamaður. Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður og Erla Friðriksdóttir boðuðu forföll.

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

#### **Fundargerð 129. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

#### **Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð**

Þar sem ekki tókst að ljúka við samning á síðasta ári við Náttúrufræðistofnun Íslands um verndaráætlun fyrir Breiðafjörð óskar Breiðafjarðarnefnd eftir því að fjársýsla ríkisins færi það fjármagn sem ætlað var í verndaráætlunina 2012 til þessa árs.

#### **Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd samþykkir að ganga til samninga við Náttúrufræðistofnun Íslands um að ljúka við gerð verndaráætlunar Breiðafjarðar á grundvelli fyrirbyggjandi samnings sem sendur var út til nefndarmanna í tölvupósti 28. janúar. Breiðafjarðarnefnd samþykkir samninginn og felur formanni að ganga frá honum.

Breiðafjarðarnefnd heimilar Náttúrufræðistofnun að hefja vinnu við endurskoðun verndaráætlunar innan ramma fyrrgreinds samnings.

#### **Bæklingur um nytjar á Breiðafirði**

Árni Ásgeirsson líffræðingur á Háskólasetri Snæfellsness mætti á fundinn og kynnti drög að texta í bæklingi um hlunnindanýtingu við Breiðafjörð.

#### **Síldardauðinn í Kolgrafafirði**

Róbert A. Stefánsson forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands mætti á fundinn og sagði frá síldardauðanum í Kolgrafafirði og ástandinu á svæðinu.

#### **Afgreiðsla:**

Vegna síldardauðans í Kolgrafafirði leggur Breiðafjarðarnefnd áherslu á að vöktun, rannsóknur og aðgerðum verði framhaldið til að koma í veg fyrir frekari skaða á lífríki fjarðarins og nágrenni. Huga þarf sérstaklega að mögulegum aðgerðum fyrir vorið vegna komu farfugla og æðarvarps.

Mikilvægt að atburðarásin fram undan verði vel skráð svo draga megi sem mestan lærdóm af þessu atviki m.a. til hægt sé að gera viðbragðsáætlun sem bæði tekur til verndar og nýtingar eftir því sem við á ef svipaður atburður endurtekur sig.

Nauðsynlegt er að fylgjast vel með hvernig lífríki fjarðarins jafnar sig þ.á.m. botndýralíf.



### **Fjárhagsáætlun 2013**

Rekstaráætlun 2013 var kynnt og samþykkt og ákveðið var að endurskoða áætlunina í október.

### **Önnur mál**

Nefndarmenn ræddu um vettvangsferð 2013 og er áætlað er að fara í byrjun júlí. Ásgeir Gunnar og Magnús ætla að sjá um skipulagningu ferðarinnar.

Lagt var fram bréf svæðisskipulagsnefndar Snæfellsness, dags. 1.2.2013 vegna umsagnar Breiðafjarðarnefndar á lýsingu svæðisskipulags á Snæfellsnesi.

**Fundi var slitið kl. 14:10. Næsti fundur er áætlaður í apríl 2013.**